



Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita

# Reynsla sveitarfélaga af flokkun landbúnaðarlands við skipulagsákvarðanir

Vigfús Þór Hróbjartsson – Skipulagsfulltrúi UTU

Ásahreppur / Bláskógabyggð / Flóahreppur / Grímsnes- og Grafningshreppur  
Hrunamannahreppur / Skeiða- og Gnúpverjahreppur



# Flokkun landbúnaðarlands innan aðalskipulags aðildarsveitarfélaga

- Flokkun landbúnaðarlands hefur farið fram í þremur  
aðildarsveitarfélaga UTU:
  - Flóahreppi - 2016
  - Hrunamannahreppi - 2016
  - Skeiða- og Gnúpverjahreppi - 2017



# Flokkun landbúnaðarlands innan aðalskipulags aðildarsveitarfélaga

- Flokkun á landbúnaðarlandi er notuð við markmiðasetningu innan aðalskipulags:
  - Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.
  - Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland, (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
  - Forðast eigi að setja gott landbúnaðarland undir samfellda skógrækt.
- Og settar fram leiðir :
  - Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott akuryrkjuland til matvælaframleiðslu til framtíðar.
  - Byggingar, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er **að jafnaði** ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokki I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun lands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi.





# Flokkun landbúnaðarlands innan aðalskipulags aðildarsveitarfélaga

- Megin markmið flokkunar
  - Viðurkennt verði að vernda beri gott ræktunarland eins og aðrar auðlindir þjóðarinnar.
  - Tryggja sem best að góðu ræktunarlandi verði ekki spillt með óábyrgu skipulagi eða landnýtingu.
  - Tryggja sem best hnökralausa sambúð landbúnaðar, þéttbýlis og annarrar landnotkunar.
  - Aðalskipulag sveitarfélagsins verði, eftir því sem hægt er, nýtt sem tæki til að tryggja ofangreind atriði.
- Flokkunin byggir á loftmyndum, nytjalandsgögnum, aðalskipulagskortum og í einhverjum tilfellum vettvangsferðum.
  - Flokkur I – kjörlendi fyrir akuryrkju.
  - Flokkur II – gott akuryrkjuland.
  - Flokkur III – Blandað ræktunarland.
  - Flokkur IV – annað land.



# Reynsla af notkun flokkunar

- Hvað gerist ef að óskað er eftir breyttri landnotkun á landbúnaðarlandi eða sótt um framkvæmdir á landbúnaðarlandi í flokki I?
  - Ekki mörg dæmi
    - Málinu er hafnað á grundvelli þess að ekki megi skerða úrvals landbúnaðarland í flokki I
    - Viðkomandi vísað á að finna betri staðsetningu innan jarðarinnar
    - Umsækjanda fær ráðunaut til að meta landið og unnið er ítarlegra mat á landinu ásamt rökstuðningi sem verður til þess að..
      - Landið er hugsanlega ekki metið sem jafn gott ræktunarland og upphaflega var talið.
      - Skerðing á landbúnaðarlandi svo óveruleg eða ekki talin varanlega og því sé ekki sé talin ástæða til að standa í vegi fyrir framkvæmdum eða skipulagsbreytingum
      - Leyfi veitt.
      - Flokkunin verður til þess að sveitarfélagið þarf að staldra við og skoða málið vel áður en lengra er haldið
- Hversu „verðmætt“ er gott landbúnaðarland?
  - Hvernig er verðmæti skilgreint?
  - Ræktunarland í flokki III getur í raun verið „verðmætara“ fyrir landeiganda en ræktunarland í flokki I.
  - Markmiðasetning um verndun landbúnaðarlands hugsanleg misjöfn á milli sveitarfélaga?
  - Flokkunin ætlað að vernda verðmæti landsins sem auðlindar.. Þótt svo að efnahagslegar forsendur hljóti alltaf að spila þar inn í.





## Reynsla af notkun flokkunar

- Landbúnaður á fallanda fæti víða í umdæminu
- Misjafnt eftir sveitarfélögum hversu miklar heimildir eru til uppbyggingar innan landbúnaðarsvæða en sett eru fram ákveðin viðmið
  - Byggingar skuli að jafnaði reistar í tengslum við núverandi mannvirki m.a. til að nýta samgöngu- og veitukerfi.
  - Ný íbúðarhús skulu byggð í tengslum við byggð á núverandi bæjartorfu/býli.
  - Á landbúnaðarlandi er almennt gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði. Nýjar byggingar verða að jafnaði ekki reistar á verndarsvæðum eða landbúnaðarlandi í flokki I og II nema í nágrenni núverandi bygginga eða veitukerfa
- Í mínum huga nýtist flokkunin best sem tól við skipulagsákvæðanir þar sem alltaf verður að horfa til heilðræns mats á svæðinu.
- Tilgangurinn ekki sá að allar framkvæmdir séu bannaðar á úrvals landbúnaðarlandi.
- En getur nýst sem viðspyrna við stærri skipulagsákvæðanir til dæmis ef að skipuleggja á stóra frístundabyggð, iðnaðarsvæði eða skógræktarsvæði á úrvals landbúnaðarlandi.





# Ný jarðarlög

- Með nýjum jarðarlögum „eykst“ ábyrgð sveitarfélaga gagnvart því að gæta að hagsmunum landbúnaðarins (þótt svo að skipulagsskyldan hafi alltaf verið þeirra)
- Felld brott skylda ráðherra landbúnaðarráðherra til að samþykkja breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum.
- Flokkun landbúnaðarlands innan aðalskipulags orðin lögbundin með nýjum jarðarlögum
- Flokkun landbúnaðarlands enn eitt tólið sem bætist við verkfærakistu sveitarfélaganna til að geta lagt fram sem bestar forsendur fyrir skipulagsgerð.
- Það má þó spyrja sig hvort að æskilegt sé að auka endalaust við kröfur til sveitarfélaga um vinnslu gagna með tilheyrandi kostnaði? (flokkun landbúnaðarlands, flokkun á vegum á hálendi Íslands..o.s.fr.)







Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita

Takk fyrir!

Vigfús Þór Hróbjartsson – Skipulagsfulltrúi UTU



Ásahreppur / Bláskógabyggð / Flóahreppur / Grímsnes- og Grafningshreppur  
Hrunamannahreppur / Skeiða- og Gnúpverjahreppur